

## Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 68. stjórnarfundur 4. september 2008 kl. 16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 3. fundur stjórnar á árinu.

Mætt eru: Svanhvít Aradóttir, Þráinn Lárusson, Sigurbjörn Marinósson og Halldóra D. Hafþórsdóttir, Elfa Rúnarsdóttir og Einar B. Kristbergsson.

### Dagskrá:

1. Reikningar ársins 2007
2. Undirbúningur aðalfundar
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

### 1. Reikningar ársins

Endanleg útgáfa reikninga er ekki klár, en Sigurbjörn er búinn að fá fyrstu drög að því hvernig lokaniðurstaðan verður. Líkur eru á því að rekstrarafgangur verði sem er mjög jákvætt þar sem gert hafði verið ráð fyrir tapi á síðustu fjárhagsáætlun.

### 2. Undirbúningur aðalfundar.

Ákveðið var að hafa aðalfund 24. október. Stjórnarmenn eru sammála því að færa aðalfund fram yfir miðjan október, þó samþykktir geri ráð fyrir því að hann sé fyrir þann tíma. Sérstakar aðstæður valda því að svona stendur á að þessu sinni.

Sveitarfélögin senda sína fulltrúa á fundinn. Fundarmenn beðnir um að hlera í baklandinu sínu varðandi áframhaldandi setu í stjórninni. Stjórn þarf að leggja fjárhagsáætlun fyrir sem tillögu á aðalfundi. Sigurbjörn hefur unnið drög að henni. Fundarmenn ræddu áætlunina og frestuðu afgreiðslu hennar til næsta fundar.

### 3. Önnur mál.

- a) Í haust voru 80 mál í bið hjá sálfræðingum, nú um 64. Búið að forgangsraða þannig að þessi mál eru í góðum farvegi.
- b) Auknar kröfur um þjónustu við börn á grunnskólaaldri með raskanir á einhverfurófi. Kröfur á sveitafélög, skóla o.fl. aukast sífellt, auk þess sem börnum með þessa greiningu fjölgar.
- c) Námskeið verður haldið 19. september: “Ráðagóðir kennarar,” hér fyrir austan. Góð þátttala er nú þegar en enn er pláss fyrir nokkra.
- d) Námskeiðin í sumar á vegum Skólaskrifstofunnar og þátttaka:
  1. Námskeið í bekkjarstjórnun: 8 manns
  2. Hlutverkaleikir- Leiklist gegn einelti og vanlíðan: 18 manns
  3. Skemmtilegt skólastarf líka fyrir drengi: 37 manns
  4. Skapandi og árangursríkt skólastarf: 117 manns
- e) Logos-námskeið. Greiningartæki fyrir lestrarerfiðleika bæði hjá börnum og fullorðnum. Forritið kostar 140.000.
- f) Menntaþing verður 12. september.
- g) Húsið(Hermes) verður málað nú í haust.
- h) Skólaskrifstofan tekur að sér verkefnastjórnun í Stóru-upplestrarkeppninni eins og undanfarin ár. Jarþrúður verður verkefnisstjóri.
- i) Sigurbjörn ætlar að endurnýja hluta af tölvubúnaði.
- j) Gjöf frá Vilhjálmí Hjálmarssyni. Hann gaf 50 eintök af bókunum: *Furðuverur og fyrirbæri* og *Í bland með börnum*. Sigurbjörn ætlar að dreifa bókunum í alla grunn- og leikskóla á svæði Skólaskrifstofunnar.

k) Næsti fundur verður 25. september

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 17:25

Svanhvít Aradóttir (sign)

Þráinn Lárusson (sign)

Halldóra D. Hafþórsdóttir (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)

Einar B. Kristbergsson (sign)